

*Böðvar Björgvinsson:*

## **Kristindómur og stjórnmal**

Hverjir hér inni hafa velt fyrir sér sambandinu milli kristinnar trúar og stjórnmála? Hvort kristnir menn eigi að taka þátt í stjórnmálum eða ekki, og ef svo að hve miklu leyti? Eru stjórnmál kannski spillandi vald?

Eiga kristnir menn að taka þátt í stjórnmálum, eða eiga þeir að forðast þau eins og heitan eldinn? Þetta eru spurningar, sem margir hafa spurt, jafnvel allt frá upphafi kristinnar.

Mig langar að byrja á endinum.

*“...og [þjónar Guðs] munu ríkja um aldir alda” Op. 22:5 (3-5).*

Hér sjáum við að framtíðarskipan Guðsríkisins á himnum verður þannig að þ þjónar Guðs,” þ. e. a. s. hin endurleystu, frelsuðu Guðs börn, munu taka þátt í stjórnun ríkisins. En þá munu þeir ekki stjórna eins og menn stjórna í dag, heldur í anda Guðs, af því að þeir eru orðnir eitt með Guði, þeir eru í honum og hann í þeim, eins og Jóhannes orðar það annars staðar. Það er því ljóst af þessu að okkur er ætlað að taka ábyrgð í því ríki, sem við þá verðum hluti af.

En hvernig er það með það ríki, sem við lifum og hrærumst í frá vöggum til grafar, jarðríkið?

### **Hvað eru stjórnmál?**

Eru stjórnmál bara þras óhæfra kjaftaska á þingi og gjörspilltra ráðherra og embættismanna? Þetta heyrum við oft sagt þessa dagana. Hvað með skóla, sjúkrahús, umferð, skipulag, flutninga, viðskipti, löggæslu, o. s. frv.?

Í rauninni er það fátt í okkar þjóðfélagi sem ekki heyrir undir stjórnmál, pólitík. Pólitík þýðir í rauninni reglur varðandi það sem að skipan eða reglum borgar og síðar ríkis lýtur. Þegar við erum að tala um hvernig strætó gengur, erum við að tala um pólitík. Þegar við erum að tala um hvað sé kennt í skólunum, erum við að tala um pólitík. Þegar við erum að tala um hvort og að hve miklu leyti sveitarfélag eða ríki komi að íþróttamálum, erum við að tala um pólitík. Þegar við erum að tala um hvernig sveitarfélag eða ríki við viljum hafa, erum við að tala um pólitík.

## **Upphaf stjórnmála skv. Biblíunni**

Nú langar mig að horfa til upphafsins. Hver ætli hafi verið ætlan Guðs með manninn í upphafi? Átti hann að vera viljalaust verkfæri, sem gerir lítið annað en að snúa sér til Guðs í bæn allan liðlangan daginn, eins og af þræslund? Lítum á sköpunarsöguna.

*Þér viljum gjöra manninn eftir vorri mynd, líkan oss, og hann skal drottna yfir fiskum sjávarins og yfir fuglum loftans og yfir fénaðinum og yfir villidýrunum og yfir öllum skriðkvikindum, sem skriða á jörðinni.*

*Og Guð skapaði manninn eftir sinni mynd, hann skapaði hann eftir Guðs mynd, hann skapaði þau karl og konu.*

*Og Guð blessaði þau, og Guð sagði við þau:*

*Verið frjósöm, margfaldist og uppfyllið jörðina og gjörið ykkur hana undirgefna og drottnið yfir fiskum sjávarins og yfir fuglum loftans og yfir öllum dýrum sem hrærast á jörðinni.”*

Hér sjáum við að manninum er ekki ætluð þræslund heldur drottinlund, höfðingjalund. Hann á að sjá til þess að sú skipan sé í samskiptum hans við dýrin, sem maðurinn telur besta á hverjum tíma.

Miðað við það litla sem okkur er sagt af Adam og Evu eftir að þau voru rekin burt úr aldingarðinum, virðast þau ekki hafa sýnt dugnað í stjórnmálum, sem þá hefðu átt að snúast um uppeldi barna og leiðbeiningar um hvernig ætti að hegða sér í þeim heimi sem Guð hafði skapað, auk þess að drottna yfir dýrunum. Hann veit skyn “góðs og ills,” eins og það er orðað, þ. e. hann kann að greina á milli hlutanna. Hugtakið þótt og illt” saman, táknaði fyrst og fremst það í semitískum málum að kunna skil á hlutunum og geta greint á milli betri og verri kosta. Vissulega kynntist hann muninum á hinu góða, Guðlega, og hinu illa, sem frá djöflinum er komið, strax og hann hafði tekið ákvörðun þegar freistingin kom. En það er ekki þetta sem við ætlum að fjalla um hér.

Adam og Evu tekst heldur óhönduglega upp, sem sagt, því að yngri sonurinn drepur hinn eldri í afbrýðiskasti og yfirgefur síðan Drottin. Við sjáum hvorki snilld í uppeldi né í stjórnun.

Eftir Nóaflóð sjáum við að Guð endurnýjar hvatningu sína og forsendur, sem hann hafði gefið Adam og Evu, og nú við Nóa og sonu hans (I.M. 9:1nn). Af sonum Nóa koma síðan þjódir heims (I. M. 10). Fyrst er talað um ríki í sambandi við Nimrod, son Kúss, sonar Kams.

Lítum næst á Abram. Hann fer burt til fyrirheitna landsins, Kana'an, að boði Drottins, sem lofar að gera hann að mikilli þjóð. Fyrstu stjórnmálalegu tilþrif sem við sjáum til hans eru þau að hann segir við Saraí konu sína: “Segðu fyrir hvern mun að þú sért systir mín.” Hann þarf að fara til Egyptalands með sína fögru frú og óttast að vera drepinn, ef hann fer á þeim forsendum, því að faraó hljóti að ásælast hana. Við sjáum að þessi pólitíska ákvörðun reyndist röng ákvörðun. Hún byggdist á blekkingum og hafði slæmarafleiðingar.

Næstu stjórnmalalegu viðbrögð sem við sjáum hjá Abram eru þegar kemur í ljós að landið ber ekki bæði hann og Lot ásamt mannskap þeirra og bústofni. Þar tekur Abram ákvörðun sem er Drottinn að skapi. Hann leyfir Lot að velja. Ekki leikur vafi á að Abram er sá sem er stærri, á meiri bústofn og allt það, en hann gefur Lot eftir að velja. Stjórnmal, sem stjórnast af kærleika Guðs.

Næst lítum við á Jósep, sem varð ráðherra í Egyptalandi. Það var ráðsályktun Guðs, eða eins og Jósep segir í I. M. 45:7: En Guð hefir sent mig hingað á undan yður til þess að halda við kyni yðar á jörðinni og sjá lífi yðar borgið, til mikils hjálpræðis.

Ísraels synir lifa nú í sátt við hverjir aðra og við Egypta í Egyptalandi þar til nýr konungur rís, sem enginn deili þekkir á Jósep. Hann þekkir ekki þakkarskuldina sem Egyptaland er í við hann og tekur að þrælka Hebrea. Þá reisir Guð upp Móse til þess að bjarga þeim út úr Egyptalandi og leiða þá til Kana'ans á ný. Stjórnmal. Móse verður fulltrúi þjóðar sinnar gagnvart Egyptum. Hann og Aron bróðir hans, þurfa að hafa mikið fyrir því, ekki bara að sannfæra Faraó um að leyfa Hebreum að fara, heldur að sannfæra Hebreana sjálfa um að þeir ættu að fara.

Móse leiðir þá út úr Egyptalandi og þarf síðan að eiga við þá er þeir þrátta gegn Guði. „V ið höfðum það svo miklu betra í þrælahúsinu.“ Það verða til reglur um manna og hvíldardagurinn verður helgidagur. Smám saman verður svo mikið að gera í stjórnmalum hjá Móse að þegar Jetró, tengdafaðir hans kemur í heimsókn, líst honum ekkert á. II M. 18:13-26. Móse er að drukkna, en Jetró kennir honum að deila valdinu og setja foringja yfir lýðinn, eins konar hreppstjóra. Þeir hafa haft eins konar lög eða hefðir að byggja á. Elstu lög sem menn þekkja eru lög Hammúrabís, en þau voru mjög grimmúðleg. Þau eru samt talin hafa legið til grundvallar þeim lögum sem menn höfðu allt fram til Móselaga.

## **Móselög**

Þegar við tölum um lögmál Móse, eigum við oft við Boðorðin tíu. Boðorðin eru eins konar stjórnarskrá. Hún byrjar á því sem snýr að Guði að uppfylla og heldur síðan áfram með það sem manninum ber að uppfylla. Fyrsta boðorðið er: Ég er Drottinn Guð þinn, sem leiddi þig út af Egyptalandi, út úr þrælahúsinu. Þetta samsvarar fyrirheitinu, sem Guð gaf Abraham forðum, að vera honum Guð og afkomendum hans eftir hann. Síðan koma níu boðorð, sem Ísrael bar að uppfylla, þrjú gagnvart Guði og sex gagnvart náunganum, móðir og faðir innifalín. Þetta er það sem talið er að hafi verið á steintöflunum.

Síðan koma miklir lagabálkar, sem virðast lögleiddir smátt og smátt og við lesum um fyrst og fremst í II. og III. Mósebókum, en einnig í þeirri IV. Síðan er sumt endurtekið í V. M., eða umorðað.

Eitt af því sem helgast er sett af hinum veraldlegu lögum, er myntin, þ.e.a.s. vigtin, en hana mátti ekki svíkja (III. M. 19:35; V. M. 25:14-16). Vigtin var miðuð við svokallaðan helgidómsskil. Steinn eða silfur eða gull af nákvæmlega þeirri vigt var geymt í helgidóminum að því er virðist og þaðan er nafnið komið. Nýlega fannst hnöttóttur steinn með innritun, sem virðist staðfesta þetta. Ekki virðist hafa verið óalgenget að vigt væri svikin og var því settur staðall eða viðmið hvað varðar vigtina, en steinn af þessari þyngd var notaður til þess að löggilda vigtina í Ísrael. Ef vigtin var

svikin, jafngilti það gengisfellingu gjaldmiðilsins hjá okkur (Am. 8:4-8). Við erum von því, en í lögmáli Drottins er sagt að slíkt sé Guði andstyggð, en við sjáum af því hve misjöfn þyngd er í þessum viðmiðum á mismunandi tímum hjá nálægum þjóðum, að það gætu verið vísbendingar um eins konar gengisfellingar. Vigtin er gengisfelld.

Hvað varðar efnahagsmál og stjórnsmál að öðru leyti er lögð hvað mest áhersla á að ekki sé gengið á rétt ekkna og munaðarleysingja (II.M. 22:22-23; ), fátæklinga (II. M. 23:4) og einnig er réttur útlendinga til að brauðfæða sig tryggður (II. M. 23:9). Einnig er lagt bann við því að lána fé gegn vöxtum nema til útlendinga. Hlutdrægni í dómum er bönnuð og varað er við að leggjast á eitt með margnum til þess að halla réttu máli. Mútuþægni er einnig bönnuð.

Lögmálið tekur til þátta varðandi aðrar þjóðir, svo sem að ekki megi Ísraelsmenn taka upp trúarsíði þeirra. Það er jú þeirra vegna sem Guð ákvað að reka þá burt og gefa Ísrael landið. Þá eru lög um hernað og herfang. (Sjá t.d. III. M. 21-30; V. M. 20-21).

Einnig er að finna byggingalög (V. M. 22:8) og hvernig skuli fara með akur (V. M. 22:9-10).

### ***Framkvæmd laganna***

Við sjáum fljótlega að Ísraelsmenn óhlýðnast lögmálinu, vanvirða bannhelgi, taka bannað herfang, reka ekki þjóðirnar burt en taka upp síði innfæddra.

### ***Höfðingjar***

Þegar Ísraelsmenn hafa að mestu tekið landið, sjáum við að ættbálkarnir velja sér höfðingja, dómara, sem voru eins konar ráðgjafar, leiðtogar og/eða hreint og beint dómara. Þeir voru ýmist til kallaðir eða sjálfskipaðir vegna mála innan ættbálksins eða vegna deilna og hernaðar milli ættbálka eða þjóða. Síðan rísa upp spámenn eða sjáendur, sem líta sérstaklega á sig sem þjóna Drottins og telja sig eiga og geta miðlað orði hans til þjóðarinnar. Sá hinn fyrsti sem við kynnumst eitthvað að ráði er Elí sá er Samúel ólst upp hjá, en þá var þrö frá Drottni ... sjaldgæft ... og vitranir fatíðar” (I. Sm. 3:1). Við heyrum í kjölfarið meira af vandræðum Ísraels í samskiptum við Filista og aðrar þjóðir og þar kemur að þjóðin kallar eftir konungi yfir sig til þess að tryggja stöðu sína. Konungar ríkja síðan þar til Ísrael og Júda eru reknir í útleigð og Ísrael, eða norðurríkið, tynist sem þjóð.

Eftir heimkomuna úr útleigðinni reisa Júðar (Júda ættkvísl) við guðveldið, sem ríkt hafði að einhverju leyti þar til Sál var krýndur konungur.

### ***Nýja testamentið***

Nokkur hundruð ár líða og Júðar (Gyðingar) verða hersetnir, fyrst af Grikkjum og síðan af Rómverjum. Og Jesús fædist. Gyðingar þjuggust flestir við því að Messías myndi frelsa þá af hendi útlendinga, en það merkilega er að Jesús virðist sætta sig við hersetuna. Hann er að vísu Messías, en ríki hans er ekki af þessum heimi. Hann gefur Gyðingum þess tíma nýja túlkun á lögmálinu, bæði strangari, kærleiksríkari og fremur andlega en þjóðfélagslega. Postularnir og aðrir ritara Nýja testamentisins virðast einnig á þeirri skoðun að virða beri yfirvöld hvers tíma – alla vega þess tíma.

Gyðingar og kristnir eru kúgaðir, einkum kristnir, enda trú þeirra mjög á skjön við þá guðahersingu sem þekkt var og viðurkennd í Rómverska ríkinu.

Þessi skoðun hefur orðið arfleifð kristninnar að miklu leyti hingað til. Þó með hléum, því að breyting varð með því að kristin trú var gerð lögleg og jöfn öðrum trúarbrögðum á fyrri hluta 4. aldar og þegar hún var gerð að ríkistrú árið 380.

Konstantín keisari ánafnar sér vald sitt í nafni Jesú Krists. Eftir að kirkjan klofnar í austur og vesturkirkjurnar, verða páfar vesturkirkjunnar fljótlega yfirvald þjóðhöfðingjanna. Og þar með kemur aukin spilling inn í kaþól sku'ki rkjuna, spilling, sem enn er töluvert eftir af.

Síðan kemur siðbót, og síðan sums staðar lýðræði og þingræði. Það hefur þróast í það stjórnarfar sem við höfum í dag. Og nú spyr ég: Ef rétt var hjá kirkjunni meðan á kúguninni stóð að standa hjá og gera ekkert sem kalla mætti uppreisn gegn yfirvaldinu, hvað þá þegar þjóðin sjálf, fólkið sjálft, er orðið yfirvald (alla vega fjórða hvert ár)? Breytir það einhverju? Ég minni líka á eina af upphafs-spurningunum: Eru stjórnarmál spillandi vald?

Kristnir menn hafa verið dálítið tvístígandi í þessum málum, einkum hinir evangelísku. Við höfum séð kaþólska presta í Suður-Ameríku, sem hafa gerst mjög pólitískir og jafnvel verið orðaðir við uppreisnaröfl. En á meðan hafa hinar lútersku og flestar evangelískar kirkjur staðið afsíðis. Mér finnst það satt að segja rétt að kirkjan sem slík standi til hliðar, en hún má samt ekki bregðast hlutverki sínu, að áminna.

Við höfum lýðræði og því fylgir ábyrgð.

Áður en við ræðum það, skulum við skoða hvers vegna stóð Jesús svona mikið til hliðar varðandi pólitíkina? Við því eru einkum tvö svör:

1. Hann hafði eins og áður er nefnt miklu hærra hlutverk og hans ríki var ekki af þessum heimi. Hann kom til þess að lægja sig. Hann kom eftir að hafa afsalað sér þeirri stöðu sem hann hafði á hinnum hjá föðurnum. Hann kom til að verða hinn minnsti meðal manna, mannsönurinn, og til þess að taka á sig synd alls mankyns. Bara þetta útilokar hann frá því að taka þátt í stjórn málum.
2. Gyðingar voru hersetin og kúguð þjóð, sem beitt var ofbeldi meira en nokkru sinni. „Eyfast að gjalda keisaranum skatt?“ spyrja farísear hann og svarar Síni „þú mér peninginn, sem goldinn er í skatt.“ Þeir fengu honum denar. Hann spyr: „Hv er mynd og yfirskrift er þetta?“ Þeir svara: „Keisarans.“ Hann segir: „Gjald ið þá keisaranum það sem keisarans er og Guði það sem Guðs er.“ (Mt. 22:17, 19-21). Hér er Jesús að svara mönnum sem eru að reyna að veiða hann í gildru. Jesús svarar því í raun í gátu, þannig að ekki er hægt að túlka orð hans þannig að þeim sé beint gegn keisaranum.

Hvað eigum við að gjalda Guði? Hann vill vera okkur Guð og hann vill að við gefumst honum. Hann á okkur, sál og líkama með húð og hári. Við skuldum honum að elska hann og að elska náungann. En hvað skuldum við þjóðfélaginu? Hvað skulduðu Gyðingar keisaranum? Er þar um sama hlutinn að ræða? Hafði keisarinn ekki rænt landi þeirra? Hafði keisarinn ekki rænt helgidóminn og arðrændi hann ekki landið? Svarið er jú. Þeir skulduðu honum ekkert. Hann

skuldaði þeim. En spurningin var ekki um það, heldur: 'É yfist.' Leyfist að gjalda keisaranum skatt. Gyðingar eru hér í raun að reyna að fiska út úr Jesú að lögmálið banni það. En lögmálið gerir það ekki. Við megum heldur ekki túlka þetta þannig að það beri að hlýðnast hvers konar yfirvöldum að öllu leyti. Spurning er hins vegar *hvort* og *hvenær* og þá *hvernig* skynsamlegt er að andæfa. En ég ætla ekki út í þá sálma hér. Við búum við lýðræði og lýðræði krefst beinnar þátttöku þegnanna að einhverju leyti.

## **Lýðræðiskröfur**

Til þess að lýðræði virki, þarf lýðurinn, fólk, að taka virkan þátt í því. Verkefnið er að velja okkur fulltrúa til að stjórna landinu og síðan að veita þeim aðhald og stuðning, þannig að þeir missi sig ekki í spillingarhættunni. Hverjum getum við treyst til þessa? Einhverjum öðrum? Einhverjum sem ekki eru eins vel kristnir og við? Fyrirgefið orðalagið! En mér finnst stundum eins og við, hin kristnu setjum okkur dálítið upp fyrir hina" í þessum efnum.

Ef við látum stjórn málaafskiptin eftir til þeirra sem ekki hafa sett sjónir sínar á Jesú, hvernig ætlum við þá að tryggja að hin kristna arfleifið haldi áfram til næstu kynslóða? Jú, vissulega með bæn og trúariðkun og trúboði. En sjáum við ekki hversu gífurleg áhrif stjórn málaumhverfið hefur á framgang kristinnar? Hvernig er það með hin "fkristnuðu lönd," sem við stundum köllum svo? Hvað með heiðnu löndin, þar sem oftast hefur verið lokað á kristna trú? Hvað með Kína? Hvað með múslímalöndin? Hver er ábyrgð okkar í þessu? Hver er ábyrgð þín? Fær bænarlíf þitt þig ekki til þess að huga að því sem er að gerast í landinu og í heiminum almennt?

Vissulega höfum við kristnir menn, karlar og konur, miklu hlutverki að gegna í okkar lýðræðisríki. Við sjáum áhersluna sem Guð setur á að konungar Gyðinga væru trúir honum. Stjórn mála skipta máli. Hitt er svo aftur annað mál, hvernig okkar afskiptum ætti að vera háttað.

## **Stjórn málaafskipti kristins manns í lýðræðisríki**

Vissulega virkar vald spillandi. Það eru hættur við hvert fótmál. En um leið og við vinnum að því að líkjast Kristi meir og meir og afneita sjálfi okkar, þá þurfum við að beita áhrifum okkar á þjóðfélagið allt, einnig stjórn málin, þannig að það megi verða gegnsýrt af kristinni hugsun og þekkingu. Sem betur fer er þjóðfélag okkar þannig að nokkru leyti, en við sjáum samt hversu langt er í land. Valda og fégræðgi hafa ráðið ferðinni í auknum mæli og hafa menn ekki vílað fyrir sér að fara á svig við lög og rétta siði.

Það sé fjarri mér að halda því fram að kristið fólk eigi að leggja stjórn mála fyrir sig, en ef Guð kallar einhvern til þess að fara í pólitík, þá skyldi hann hlýða því kalli. Til þess, hins vegar, að geta tekið upplýstar ákvarðanir varðandi kosningar og hugsanleg þjóðaratkvæði, þurfum við öll að fylgjast eins vel með þjóðmálum og sveitarstjórnarmálum eins og okkur er unnt og ekki mynda okkur skoðanir út frá einu sjónarhorni eða einum miðli eða öðrum áhrifavaldi. Ef við sitjum á hlíðarlínunni, þá er auðvelt fyrir stjórnvöld að segja okkur hvernig við eigum að hugsa og kjósa. Eins og ég sagði áðan, þá kallar lýðræðið á ábyrgð allra þjóðfélagsþegna.

Af því að mönnum hættir til að dæma um málefni fyrirfram, þá er einnig nauðsynlegt að brýna menn til þess að skoða hlutina frá sem flestum sjónarhornum og afla upplýsinga sem víðast.

## ***Þátttaka í stjórnmalaflokki***

Það er einnig gott að fara á fundi í stjórnmalaflokkum þegar færi gefst. Þannig fást oft nánari upplýsingar og réttari heldur en fást í fjölmiðlum. En ættum við að forðast að bindast stjórnmalaflokki? Ég tel að það komi til greina fyrir kristið fólk að ganga í stjórnmalaflokk, en aðeins ef okkur finnst við eiga samleið með sem flestu af skoðunum þeim sem þar eru samþykktar—og framkvæmdar því að framkvæmd er því miður ekki alltaf í samræmi við samþykktir. Einnig þurfum við að geta séð möguleika á að koma okkar skoðunum á framfæri þar.

Hvað ætti kristinn maður að leggja til grundvallar við val á stjórnmalaflokki, hvort sem er til að fylgja honum að málum í atkvæðagreiðslu eða að ganga til liðs við flokkinn?

Þar koma margir þættir inn, og má telja þessa helsta:

- Heiðarleiki forystumanna
- Stefnumál.
- Hvernig stefnumálum hefur verið fylgt hingað til.

## ***Heiðarleiki forystumanna***

Forystumönnum sem ekki hafa reynst menn orða sinna er illa treystandi til að framfylgja góðum málum. Eins þarf að spyrja að því hvernig þeir menn eru í umgengni og umtali um aðra, bæði viðhlæjendur og andstæðinga. Við höfum séð stjórnmalaforingja (alltof marga), sem fyrir kosningar verður tíðrætt um gildi kristindómsins og hversu jákvæð þau séu, en hafa síðan sýnt af sér breytni, ýmist í einkalífi eða samskiptum og stjórnmalavafstri, sem brýtur mjög í bág við þessi sömu gildi. Ég fer ekki út í það að nefna nöfn hér, en ég hef séð stjórnmalamenn, sem hafa reynst mjög heiðarlegir og búa að háu siðferði stjórnmalalega, án þess að hafa reynt að koma sér í mjúkinn hjá kristnum trúfélögum sérstaklega -og öfug t.

## ***Stefnumál***

Rétt er að skoða stefnumál framboða, ekki bara fyrir næstu kosningar, heldur einnig næstliðinna eða þeirra næstu áður en sama framboð náði valdastöðu í ríkisstjórn. Því miður fara orð og efndir ekki alltaf saman, og stundum má sjá ákveðið mynstur í þessu.

Hvað þurfa stefnumálin að innibera?

Við getum litið til þeirra gilda sem við nefndum hér fyrr og koma fram í lögmáli Móse og annars staðar í Biblíunni: **Mannkærleikinn** er þar efstur á blaði. Ekkjur, munaðarleysingar, útlendingar, aldraðir. Lýsir stefnuskráin sér í umhyggju fyrir þessum, eða öllu heldur samsvarandi hópum í okkar þjóðfélagi, þeim sem minna mega sín? Með hvaða hætti kemur hún til móts við þá? Það skiptir líka máli. Hjálpar hún þeim til sjálfshjálpar, eða er um að ræða varasamar skyndilausnir?

**Peningamál.** Er borin virðing fyrir gjaldmiðlinum, þannig að einstaklingurinn sé varinn af fremsta megni gegn gengisbreytingum? Það eru jú yfirleitt helst þeir sem minna mega sín sem gjalda fyrir þær. Hvað segir Biblían um mál og vog, mynt fyrri tíma?

Að öðru leyti, hvað boða þeir til framfara? Boða þeir fráhrarf frá kristnum gildum?

Alla þessa hluti geta þeir haft meiri áhrif á, sem starfa innan stjórnmálahreyfinga heldur en þeir sem utan þeirra standa, nema kannski þeir séu því öflugri við að koma skoðunum sínum á framfæri í rituðu máli, t. d. í blöðum.

### ***Hvað ber að varast?***

Þeir sem ganga til liðs við flokk eða hallast að honum, verða alltaf að gæta sín að verða ekki samdauna. Við erum kristin og okkar heimili er á himnum. Stjórnmálin eru til þess að skapa sem best umhverfi fyrir okkur, náunga okkar og afkomendur, og við þurfum að gæta þess að vera salt jarðar einnig í þeim efnum. Stjórnmálaflokkur má aldrei eiga okkur. Við verðum alltaf að muna að við erum þjónar Krists. Þannig getum við haft jákvæð áhrif á stjórnmálin. Stjórnmálaflokkar geta svikið fagar kosningastefnuskjár. Þá verðum við að vera reiðubúin að gagnrýna það og berjja í brestina og jafnvel að víkja úr flokknum.

### ***Kristilegt framboð***

Gæti það verið álitlegur kostur að bjóða fram kristilegt framboð? Höfum við ekki nægilega mikið fram að færa til samfélagsins til þess að kristilegt framboð komi til greina? Eða á kannski þjóðfélagið kröfu á okkur um að bjóða fram? Í Noregi virðist ágæt reynsla af slíku framboði.

Undanfarna áratugi hafa nokkrir aðilar reynt slík framboð hér á landi, en ég verð að segja fyrir mína parta að það hefði verið heppilegra að því hefði verið sleppt, enda þessi framboð fremur sett fram af vilja en getu.

Það skal koma skýrt fram, að ef kristilegt framboð á að heppnast, þá þarf framboðið að hafa á að skipa mönnum, sem hafa, ekki bara áræði, heldur einnig reynslu og þekkingu og vit til þess að takast á við þau margflóknu mál, sem takast þarf á við í stjórnmálum. Við þyrftum að hafa menn með mikla þekkingu á fjármálum, bankamálum, utanríkismálum, öllum sviðum heilbrigðismála, menntamála, viðskiptamála, sjávarútvegsmála, landbúnaðarmála, orkumála, iðnaðarmála, verslunarmála, skipulagsmála, samgöngumála, kirkju- og trúmála, dómsmála, ferðamála, frumherjamála, jafnréttismála, félagsmála, íþróttamála, æskulýðsmála, uppeldis- og forvarnarmála o. s. frv. Hafi framboð ekki á þessari þekkingu að skipa, þá yrði það feigðarför, einkum ef menn fengjust kjörnir á þing.

Væru svo kristnir menn endilega sammála í öllum þessum efnum? Eru allir kristnir menn sammála? Er það ekki einmitt einkenni kristinna manna að þá greinir á um marga hluti, bæði í trúarlegum efnum og ekki sður veraldlegum?

Það er því miklu skynsamlegra að mínu mati að trúað fólk sem áhuga hefur á stjórnmálum, skipi sér með öðrum lýðræðislegum flokkum og reyni að hafa áhrif innan þeirra. Svo mætti hugsa sér

eins konar regnhlífarsamtök kristinna áhugamanna um stjórnsmál, þar sem vandamál stjórnsmálanna væru rædd almennt út frá hinu kristilega sjónarhorni.

## **Niðurlag**

Ég hef í fáum orðum reynt að gera grein fyrir því, sem mér finnst ég hafa lesið út úr Biblíunni varðandi sýn hennar á stjórnsmál. Sjálfur tók ég þátt í stjórnsmálum í allmörg ár og tel mig þekkja innviðina þar því nokkuð. Menn takast á og eru kannski grimmir við hver annan, en fljótlega skapast virðing fyrir þeim sem eru annarar skoðunar en maður sjálfur og manns eigin flokkur. Það getur verið gefandi og fræðandi að starfa að stjórnsmálum, hvort sem er á sveitarstjórnarstigi eða á landsvísu. Ef við felum Drottni förina og fylgjum honum, þá er okkur óhætt. Ef Drottinn kallar okkur til starfa í stjórnsmálum, þá er það af því að hann hefur þörf fyrir okkur þar.

Okkur er oft uppálagt að biðja fyrir “forseta vorum og ríkisstjórn” eins og það er orðað, en biðjum einnig fyrir því að Guð sendi trúa verkamenn til starfa, ekki bara á kristniboðsakerinn, heldur einnig fyrir land okkar og þjóð, bæði á þing og í sveitarstjórnir, bæði í ráðherraembætti og forsetaembætti.

Mig langar að enda með því að vitna í Jesaja 44:28, þar sem segir um Kýrus persakonung: Ég er sá sem segi um Kýrus: Hann er hirðir minn, og hann skal framkvæma allan vilja minn og segja um Jerúsalem: Hún skal endurreist verða og musterið grundvallað að nýju!”

Guð gat notað heiðinn konung til þess að leysa Ísrael úr ánauð. Hann getur notað hvern sem er þannig, en hafa ekki kristnir menn sérstakar félagslegar skyldur aðrar en hinar beint trúarlegu og boðunarlegu?

Flutt sem kennsluerindi á morgunsamveru Íslensku Kristskirkjunnar, sunnudaginn 18. janúar 2009.